



## Grunnskóli Fjallabyggðar og Menntaskólinn á Tröllaskaga

gera með sér eftirfarandi samning:




Í samræmi við aðalnámskrár grunn- og framhaldsskóla munu Grunnskóli Fjallabyggðar (GF) og Menntaskólinn á Tröllaskaga (MTR) leitast við að efla samstarf í tengslum við samfellu skólastiga<sup>1</sup> og fræðslustefnu Fjallabyggðar.

Felst samstarfið í því að:

- Efla sveigjanleg skólaskil þar sem nemendur Grunnskóla Fjallabyggðar sem hafa lokið námsmarkmiðum grunnskóla í tiltekinni kennslugrein geta sótt um staðbundið nám í Menntaskólanum á Tröllaskaga í þeirri grein. Þetta verður gert á eftirfarandi hátt:
  - a. Sótt er um skólavist fyrir nemendur á sérstöku eyðublaði á innritunartíma MTR sem hefst 1. apríl fyrir haustönn og 1. nóvember fyrir vorönn. MTR svarar eins fljótt og auðið er hvort pláss er fyrir nemanda GF í áföngum sem sótt er um.
  - b. Heimild frá forráðamönnum fyrir námi nemandans í MTR þarf að liggja fyrir við umsókn.
  - c. Staðfesting skólastjóra GF um að nemandi hafi lokið námsmarkmiðum 10. bekkjar í þeirri grein sem sótt er um þarf að liggja fyrir.
  - d. Tilkynning um að hætt sé við skólavist þarf að koma frá forráðamönnum eða skólastjórnandi GF með samþykki forráðamanna.
  - e. Ábyrgð á mætingum, námsmati, námi og kennslu í þeim kennslugreinum er nemandi grunnskólans stundar í Menntaskólanum á Tröllaskaga, er hjá menntaskólanum en Grunnskóli Fjallabyggðar ber ábyrgð á nemandanum að öllu öðru leyti.
  - f. Nemandi stundar nám sitt í MTR eftir skóladagatali MTR. Tilkynna þarf forföll til menntaskólans samkvæmt reglum hans.
  - g. Vitnisburður nemandans í menntaskólanum er skráður í Innu, skráningarkerfi framhaldsskóla. Að fengnu samþykki nemanda og forráðamanns er vitnisburður nemanda sendur frá Menntaskólanum á Tröllaskaga til Grunnskóla Fjallabyggðar.
  - h. Nemandinn fær umsjónarkennara í Menntaskólanum á Tröllaskaga sem hefur það hlutverk að styðja nemandann í námi sínu við skólann.
  
- Stilla saman stundatöflur skólanna eftir því sem kostur er þannig að grunnskólanemar geti sótt nám við MTR. Fundur um samstillingu á stundatöflum er í maí fyrir haustönn og í nóvember fyrir vorönn. GF á erfitt með breytingar á vorannartöflu í nóvember og er þá

<sup>1</sup> Sjá nánar í gildandi aðalnámskrám grunn- og framhaldsskóla.



helst horft til töflugerðar MTR.

- Vinna sérstaklega að verkefni er tengist skólaskilum með áherslu á nemendur sem eiga stírt um nám. Sérstakur vinnuhópur með tveimur fulltrúum frá hvorum skóla mun vinna að verkefninu.
- Horfa sérstaklega til kafla 9.10 í aðalnámskrá grunnskóla<sup>2</sup> um nemendur er útskrifast fyrr úr grunnskóla en við lok 10. bekkjar.
- Efla samfellu milli GF og MTR við sérfræðipjónustu, þar sé lögð áhersla á góða samfellu og heildarsýn sem birtist í markvissri upplýsingamiðlun um hagi nemenda þegar þeir fara á milli skólastiga. Nauðsynlegt er að ekki verði rof í menntun þeirra við tilfærsluna og tillit tekið til ákvæða laga um slíka upplýsingamiðlun milli skólastiga.<sup>3</sup>
- Þróa samstarfið áfram í samræmi við fræðslustefnu Fjallabyggðar.<sup>4</sup>

Fjallabyggð greiðir innritunargjald og tengigjald fyrir staðnema.

Samningurinn verður yfirfarinn reglulega með tilliti til reynslu og honum breytt ef báðir aðilar samþykkja. Samningnum má segja upp með 4 mánaða fyrirvara.

Ólafsfirði 14. október 2019

Grunnskóli Fjallabyggðar

Menntaskólinn á Tröllaskaga

Fjallabyggð



Skólastjóri



Skólameistari



Deildarstjóri



<sup>2</sup> <https://www.stofnarradg.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=f7d55056-989c-11e7-941c-005056bc4d74>

<sup>3</sup> Sjá aðalnámskrá grunnskóla kafla 7.10 bls 46

<sup>4</sup> <https://www.fjallabyggd.is/static/research/files/raedslustefna-fjallabyggdar-2017-pdf>